

5. gr.

Ný grein, 8. gr. a laganna, orðast svo:

Nú hefur maður hlotið refsidóm í ríki þar sem brot var framið, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., eða í ríki sem er aðili að samningi um alþjóðlegt gildi refsídóma frá 28. maí 1970 og skal þá ekki höfða mál á hendur honum, dæma hann né fullnægja viðurlögum hér á landi fyrir sama brot og hann var dæmdur fyrir í því ríki ef:

1. hann var sýknaður,
2. dæmdum viðurlögum hefur þegar verið fullnægt, verið er að fullnægja þeim, þau eru fallin niður eða hafa verið gefin upp í samræmi við lög í því ríki þar sem dómur var kveðinn upp,
3. hann hefur verið sakfelldur án þess að refsing eða önnur viðurlög hafi verið ákvörðuð.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um brot sem falla undir 4. gr. og 1. tölul. 6. gr. nema refsímál hafi verið höfðað í hinu ríkinu að ósk íslenskra stjórnvalda.

6. gr.

Ný grein, 8. gr. b laganna, orðast svo:

Ef höfðað er mál á hendur manni hér á landi fyrir brot sem hann hefur þegar sætt viðurlögum fyrir í öðru ríki skal ákveða viðurlögin hér að sama skapi vægari eða láta þau eftir atvikum falla niður að því leyti sem viðurlögunum hefur þegar verið fullnægt í því ríki.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964,
ásamt síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra getur, á sama hátt og kveðið er á um í 3. gr., ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til að gera tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands. Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður á milli heimalanda og afrétta. Héraðsnefndir þær, sem

hlut eiga að máli, skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Um málsmeðferð tillögu að skipulagi miðhálendisins fer skv. 16. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964. Að öðru leyti skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
ásamt síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.